



Skipulagsnefnd Skaftárhrepps Fundargerð

Fundur nr.128, auka fundur í skipulagsnefnd haldinn á skrifstofu Skaftárhrepps Klausturvegi 10, þriðjudaginn 6.júní 2017 klukkan 15:00. Mætt eru til fundarins formaður nefndarinnar Kristbjörg Hilmarsdóttir, Jóhannes Gissurarson, Bjarki Guðnason og Guðbrandur Magnússon, Vigfús Þór Hróbjartsson skipulags og byggingarfulltrúi og Jón Garðar Jónsson verkefnastjóri Skipulags og byggingarmála. Davíð Andri tilkynnti forföll og ekki náðist í varamann í hans stað.

Á dagskrá fundarboðs var eitt mál. Skipulags og byggingarfulltrúi óskar eftir umræðu um beiðni er barst frá Sigurði Garðarssyni vegna hugsanlegrar útleigu sumarhúsa í frístundasvæði Hrífunesi. *Nefndin samþykkir að taka málið til umræðu á fundinum.*

Dagskrá:

Skipulagsmál:

1. Eignarhaldsfélagi Efri-Víkur – Niðurfelling byggingarleyfis.

Eignarhaldsfélag Efri-Víkur kt. 631078-0799 óskar eftir því að byggingarleyfi sem veitt var 4.apríl 2017 á lóð með landnúmerið 225141 verði fellt úr gildi hið fyrsta. Í samræmi við skriflega beiðni þess efnis.

Í bréfi er tiltekið að byggingarleyfi hafi verið samþykkt í skipulagsnefnd þann 24.apríl. Málið var samþykkt á grundvelli deiliskipulags þann 4.apríl. Nefndin fellst á að fella úr gildi byggingarleyfi vegna framkvæmdarinnar og felur skipulags og byggingarfulltrúa að annast úttekt á stöðu verksins og stöðva framkvæmdir. Skipulags og byggingarfulltrúa falið að ljúka málinu í samræmi við kröfur byggingarreglugerðar.

2. Umræður vegna útgáfu rekstrarleyfa í frístundarbyggð

Umræður um útgáfu rekstrarleyfa í frístundarbyggð

Ekki fleira gert

Fundi slitið kl: 16:50

Bjarki V.
Jóhannes Gissurarson
Guðbrandur Magnússon
KH.
Vigfús Þ. Hróbjartsson